

Minnisblað



Höfundur: Lilja Magnúsdóttir

Viðtakandi: Heimastjórn Tálknafjarðar,

Bæjarstjórn Vesturbyggðar,

Almannavarnanefnd Vesturbyggðar

Vesturbyggð 05.01.2026 Uppfært 13.01.2026

Málsnúmer: 2601006

Efni: Öryggi fjarskipta í Tálknafirði í rafmagnsleysi í desember 2025

Uppfært 07.01.2026 með upplýsingum frá fyrirtækjum og þjónustuaðilum sem aflað var með tölvupóstum til þeirra aðila sem talið var að hefðu orðið fyrir sem mestum áhrifum af rafmagnsleysinu. Uppfært 13.01.2026 með svörum frá fyrirtækjum eftir bókun heimastjórnar sem send var á alla tengiliði málsins þann 09.01.2026.

Þann 11.des.2025 varð rafmagnslaust í Tálknafirði frá um það bil kl. 12.00 til kl. 16.00.

Þann 31.12.2025 varð aftur rafmagnslaust í Tálknafirði frá því um kl. 01:45 og til kl. 15:16.

Rúv. Rás 2 er skilgreind á heimasíðu Rúv sem hluti af öryggiskerfi landsins: „Hlutverk FM kerfisins er tvíþætt, annarsvegar að sinna almennum útsendingum fyrir Rás1 og Rás 2 og hins vegar að koma á framfæri öryggistilkynningum þegar vá steðjar að. Í því hlutverki er FM dreifikerfi Rásar 2 og er það sér styrkt með sólahrings varaafli á fjölda sendastaða og eru sendar tengdir hljóðverum RÚV með dreifileiðum sem reiða sig ekki á landsdekkandi ljósleiðaranet svo dæmi séu tekin.“

Í bæði þessi skipti féllu einnig niður útsendingar útvarps þar sem sendir á Hóli í Tálknafirði varð rafmagnslaus og því engin leið að ná útvarpssendingum í Tálknafirði.

Í tölvupósti frá Halldóri Jónasi Ágústssyni, starfsmanni dreifikerfis Rúv 06.01.2026 kom eftirfarandi fram sem svar við fyrirspurn um stöðu útvarpssendinga þessa daga: „*Sæl Lilja. Við erum með varafl og vara program leið frá Borgarlandi við Stykkishólm fyrir Rás 2 93,6MHz á Þinghóli Tálknafirði samkvæmt okkar loggum þá hélst Rás 2 inni allan tíman og hefði varaafli dugað allt að 24 klst. Rás 1 og RUV sjónvarp er ekki með varaafli svo það datt út.*“

Í tölvupósti frá Halldóri dags.07.01.2026 kom eftirfarandi eftir að bent var á að íbúar hefðu kvartað undan sambandsleysi: „*Sæl Lilja. Ég skoðaði bara 31 des sem var í lagi en var að skoða núna fyrra útfallinu sem var 11 des. þá datt Rás 2 út kl. 12:21 þar sem skipting yfir á varaleið var ekki rétt stillt en kom in 12:35 eftir að stillingar á sendi voru lagfærðar rafmagn kom svo inn kl 16:00. Þetta útfall var á hádegisfréttum svo margir hafa orðið varir við það.*“

Við eftirgrennslan hjá íbúum í Tálknafirði kom fram að útvarpssendingar náðust í u.þ.b. tvær klst þann 11.12. en dattu síðan út og ekkert útvarp náðist meðan á rafmagnsleysi 31.12 stóð og var myndband sent til Halldórs því til sönnunar. Þegar Halldóri var bent á það svaraði hann í tölvupósti 07.01: „*Sæl Lilja. Takk fyrir þetta. Þarna sést Rás 2 93.6MHz er í loftinu en bara*

í suði við þurfum að fara á Þinghól og skoða varasambandið sem er greinilega ekki að virka.“

Uppfært 13.01.2026: Tölvupóstur barst frá Halldóri þann 09.01.2026 með eftirfarandi upplýsingum: „*Daginn, Búið er að lagfæra varasamband frá Stykkishólmi sem brást á Rás 2 auk þess var sett upp betri vöktun á sambandinu. Varaaflstími á Rás 2 er um 24 klst á Þinghóli.*“

Tetra og AIS: Á aðfaranótt 31.12 kom í ljós að sambandslaust varð með Tetra stöðvum út fyrir fjórðinn en hægt að nota stöðvarnar í beinu sambandi milli stöðva. Sendar voru fyrirspurnir til Neyðarlínunnar sem sér um rekstur Tetra kerfisins og svar barst frá Sigurði Inga Haukssyni, forstöðumanni dreifikerfa hjá Neyðarlínunni, í tölvupósti 06.01.2026 svohljóðandi: „*Sæl Lilja, mér barst þessi póstur frá þér nú í morgun.*

Staða fjarskiptabúnaðar sem Neyðarlínan rekur frá Tálknafirði í þessum tveimur tilfellum þegar rafmagn frá veitu fer af í firðinum var eftirfarandi:

Í fyrra tilfellinu þann 11 desember er þetta atvikaröðin:

- *Kl.11:42 Rafmagn frá veitu fer af um kl.11:42, fjarskiptabúnaður Neyðarlínunnar (Tetra, VHF kerfi sjófarenda og AIS móttökubúnaður) fer á varaafli.*
- *Kl.12:27 Varaafl fyrir VHF og AIS kerfið endist í um 45 mín, sá búnaður datt út um kl. 12:27. Tetra er þá enn í loftinu.*
- *Kl.15:56 Rafmagn frá veitu kemst aftur á, við það kemst á þjónusta aftur á VHF/AIS búnað.*

Þetta útfall hafði engin áhrif á TETRA búnað eða þjónustuna sem var á varaafli allan tíma.

Í seinna tilvikinu sem átti sér stað þann 31.desember síðastliðin var röð atvika og áhrif þess eftirfarandi

- *Kl.01:44 Rafmagn frá veitu fer af um kl.01:44, fjarskiptabúnaður Neyðarlínunnar (Tetra, VHF kerfi sjófarenda og AIS móttökubúnaður) fer á varaafli.*
- *Kl.02:14 Varaafl fyrir VHF og AIS kerfið endist í um líkt og því er ætlað að endast, sá búnaður datt út um kl. 02:14. Tetra er þá enn í loftinu.*
- *Kl.07:43 Varaafl á sambandabúnaði staðsettum í símsstöð Tálknafirði endist til kl.07:43 þá missum við samband við TETRA sendinn til Rvík (inn í miðkerfi) en staðbundinn þjónusta er enn til staðar.*
- *Kl.09:07 Samstarfsaðila tókst að koma vararafstöð á sambandabúnað, þar með kemst á full TETRA þjónusta þá á aftur.*
- *Kl.15:14 Rafmagn frá veitu kemst aftur á, við það kemst á þjónusta aftur á VHF/AIS búnað.*

Útfall á hefðbundinni TETRA þjónustu inn í Tálknafirði ss. samskipti út fyrir svæðið datt því út í 1klst og 23mín eða frá kl.07:43 til kl.09:07, staðbundinn þjónusta til staðar allan tímann. Varaafl fyrir TETRA sendibúnaðinn stöðugt. Við áttum í samskiptum við þjónustuaðila okkar á svæðinu sem hafði hafið undirbúning að því að fá vararafstöð tengda

við fjarskiptabúnaðinn ef útlit yrði fyrir að enn myndi dragast að koma veiturfarmagni á. Neyðarlínan hefur átt samtál við þjónustuveitanda sambanda á Tálknafirði og er upplýst um að þjónustuveitandi mun í þessari viku endurnýja varaafli sitt til að tryggja uppítíma sambandabúnaðar.

Varðandi útföll og truflanir á AIS/VHF kerfi sjófarenda þarf tvennt að koma fram. Ekki er gerð krafa um sérstakan uppítíma einstaks búnaðar eða farið fram á varaafli til lengri tíma. Neyðarlínan er þó víðast hvar með sk. UPS varaafli á þennan búnað sem ver okkur fyrir stuttu rafmagnsútfalli eða truflunum í raforkudreifikerfinu. Einnig þarf að koma fram að AIS og VHF á Tálknafirði eru aðeins að þjóna innfirði Tálknafjarðar þ.e. aðrir sendar "yfirlappa" að hluta svæðisins.

Ykkur til upplýsingar þá hefur Fjarskiptastofnun einnig verið að kalla eftir upplýsingum varðandi rafmagnsleysið þann 31.12 sl og áhrif þess á fjarskiptakerfin almennt.

Þér er velkomið að vera í sambandi við mig ef þú þarft ítarlegri eða tengdar upplýsingar. “

Uppfært 13.01.2026: Tölvupóstur barst frá Daða þann 09.01.2026 með eftirfarandi upplýsingum: „Sæl Lilja og takk fyrir póstinn.

Ég óska þess að þú komir því á framsæri við heimastjórn Tálknafjarðar og bæjarstjórn Vesturbyggðar að Mila hefur nú þegar farið í úrbætur í kjölfar rafmagnsleysis á Tálknafirði 31. desember.

Mila fór og bætti við rafgeymasettum á Tálknafirði til að auka varaafli enn frekar á kerfum Milu í Tálknafirði. Með fyrirvara um að rofpol á varaaflskerfum getur verið háð notkun hverju sinni og að upp geta komið bilanir í varaafli eins og öðrum búnaði þá er þetta sá tími sem mögulega er hægt að miða við á Tálknafirði á kerfum Milu hér eftir.

Fjarskiptakerfi Milu í hýsingu Milu í Tálknafirði hafa nú rofpol upp á allt að 20 klst. Farsímasendir Milu í Tálknafirði hefur nú rofpol upp á allt að 10 klst. Þá hefur Mila sett upp tengil á hýsingu fjarskiptabúnaðar í Tálknafirði sem auðveldar og hraðar tengingar á færanlegum rafstöðvum.

Þá vil ég benda á að rót þjónusturofsins er rof á rafmagni í lengri tíma. Mila sem rekur fjarskiptabúnað á um 900 stöðum á Íslandi er háð því að innviðir raforkukerfisins virki sem skildi og verulega kostnaðarsamt er að auka varaafli eins og gert er hér ef sambærilegt varaafli yrði sett á alla þessa staði. Fjarskipti eru almennt varin fyrir öllum styttri rafmagnsrofum, en þegar rafmagn rofnar til eins langs tíma og þann 31. desember þarf almennt að fara í frekari aðgerðir til að tryggja þjónustu. “

GSM samband: Íbúar í viðskiptum við Vodafone og Nova urðu símasambandslausir um leið og rafmagnið fór og náðu engu sambandi úr sínum sínum meðan rafmagnslaust var. Sama sagan gerðist með símasamband hjá Vodafone og hjá Nova, notendur náðu engu sambandi úr sínum sínum. Þessar upplýsingar fengust í samtölum við íbúa þessa daga og dagana á eftir.

Uppfært 13.01.2026: Eftir útsendingu bókunar heimastjórnar Tálknafjarðar komu eftirfarandi ábendingar frá Sigurbirni Eiríkssyni, framkvæmdastjóra innviða og reksturs hjá Sýn sem rekur Vodafone og voru póstarnir sendir í samstarfi við Nova: „Sæl Lilja, þarna er gulmerkt fullyrðing (Í bókun heimastjórnar) sem á ekki rétt á sér og er hreinlega röng, ég óska eftir að verði leiðrétt strax og pósturinn sé sendur út á hópinn og alla þá sem hafa séð bókunina.

Þetta kemur illa út fyrir bæði Sýn og Nova. Hvaða koma þessar upplýsingar ?“

Eftirfarandi svar var sent frá starfsmanni Vesturbyggðar í samráði við bæjarstjóra: „*Sæll Sigurbjörn. Þessari setningu verður breytt í bókunni þannig að hún mun hljóða svo: Fjöldi notenda Vodafone og Nova á Tálknafirði náði ekki gsm sambandi þann tíma sem rafmagnsleysið varði báða dagana.*

Þessi fullyrðing er byggð á samtölum og kvörtunum fjölda notenda í Tálknafirði hjá báðum símafyrirtækjunum.

Ég biðst velvirðingar á að hafa ekki kallað eftir upplýsingum frá ykkar fyrirtækjum en ég geri ráð fyrir að þið munið senda Fjarskiptastofu allar upplýsingar sem málið varðar.

Athugasemdir ykkar munu fylgja þessu máli til bæjarstjórnar og almannavarnanefndar. „

Uppfærð bókun heimastjórnar var í kjölfarið send til allra viðtakenda bókunarinnar.

Í kjölfar þessa pósts kom svar frá Sigurbirni: „*Sæl Lilja og takk kærlega fyrir, við erum rétt í þessu að skila inn upplýsingum til Njarðar hjá FST og við munum heimila Nirði til að upplýsa þig og bæjarstjórnina um uppitíma sem varð á farnetskerfunum.*

Ég myndi gjarnan vilja taka Teams fund með ykkur, FST og forsvarsaðila Orkubúi Vestfjarða, það væri hægt að vinna betur saman í svona málum, við viljum gera mikið betur en þurfum að vera meðvituð um áhættuna sem virðist vera hjá veituaðilanum.“

Í kjölfarið var áframhaldandi umræðu vísað til bæjarstjóra þar sem starfsmaður heimastjórnar hafði ekki lengur beina aðkomu að málinu.

Í framhaldinu kom eftirfarandi athugasemd 12.01. frá Sigurbirni: „*Sæl aftur, fullyrðing þín hér að neðan er röng, las hana betur núna.*

Rétt er að varaafli farnetsins dugði í 3,2 klst og því voru notendur ekki úti allan tímann.

Endilega leiðréttu ef þú hefur sent út. “

Í samráði við bæjarstjóra var ekki send út önnur leiðrétting á bókuninni heldur var þetta minnisblað uppfært þannig að í því væru öll samskipti varðandi þetta mál.

Fundargerð heimastjórnar Tálknafjarðar var í kjölfarið birt á heimasíðu Vesturbyggðar 13.01.2026.

Notendur hjá Símanum urðu minna varir við sambandsleysi í fyrra skiptið sem rafmagnið fór en á gamlársglasi datt samband hjá Símanum út eftir um sex klst. Starfsmenn brugðust við og komu upp ljósavél sem kom á símasambandi aftur um kl. 09.00 og náðist að halda því sambandi þar til rafmagnið kom á aftur.

Send var fyrirspurn á Mílu sem sér um grunnkerfið og eftirfarandi svar barst frá Daða Sigurðarsyni framkvæmdastjóra tæknisviðs með tölvupósti 07.01.2026: „*Sæl Lilja og takk fyrir að hafa samband við okkur hjá Mílu*

Hér eru upplýsingar um atburðarás og tímasetningar sem snúa að Mílu.

Rafmagnsleysi þann 11.12 hafði ekki áhrif á þjónustu Milu í Tálknafirði. Varaafl á rafgeymum á þeim búnaði sem við rekum dugði þann tíma sem rafmagnsleysi varði þann dag. Mila var þó farin að undirbúa viðbragð með rafstöðvum sem ekki þurfti á að halda.

Rafmagnsleysi þann 31.12 olli rofi á þjónustu Milu milli 07:50 og 09:05.

Rafmagnsleysi verður 01:44. Niðritími á þjónustum Milu frá 07:50 – 09:05, en þá eru kerfi Milu niðri á Tálknafirði eftir að varaaflið kláraðist á rafgeymum. Samstarfsaðilar á vegum Milu fóru með rafstöðvar í Tálknafjörð sem keyrðu þar til rafmagn kemur aftur hjá Orkubúinu kl 15:26. Varaafl á geymum varði því í rúma 6 klst (01:44 – 07:50) og síðan keyrði Mila varaafli á færanlegum rafstöðvum frá 09:05 til 15:40.

Mila tilkynnti lögreglu í gegnum síma í 112 um að þjónusturof væri á staðnum um morguninn. Mila tilkynnti einnig í gegnum allirfmr@logreglan.is. Mila upplýsti fjölmiðla einnig um stöðu mála og birti upplýsingar á mila.is.

Ég vona að þetta skýri atburðarás og tímalínu hvað okkur varðar. Ekki hika við að hafa samband ef þú hefur frekari spurningar.“

Fiskeldisfyrirtæki í Tálknafirði:

Sendar voru fyrirspurnir til starfsmanna fiskeldisfyrirtækjanna Arnarlax og Arctic fish um áhrif þessa rafmagnsleysis á starfsemi þeirra. Eftirfarandi eru svör þeirra:

Arctic Sea farm: Tölvupóstur frá Agli Ólafssyni, operational manager, 06.01.2026 varðandi fiskeldiskvíar í Tálknafirði: „*Sæl Lilja.*

Við hjá Arctic Sea Farm urðum fyrir truflun í fóðrun í Hvannadal þar sem samband við fóðurprammann raskaðist báða dagana vegna þess að við misstum straum á loftneti sem er fyrir prammann.

Þessu röskun olli því að ekki var hægt að fóðra þessa daga nema að litlu leiti.

Verst fannst okkur sambandsleysið sem varð. Við gátum hvorki hringt eða notað talstöðvar og er það grafalvarleg staða út frá öryggissjónarmiðum og finnst mér að þurfi að fá svör við hvernig eigi að koma í veg fyrir að gerist aftur.“

Artic Smolt: Tölvupóstur frá Sigurvin Hreiðarssyni stöðvarstjóra í Norður-Botni varðandi starfsemi í seiðaeldisstöð í Norður-Botni 06.01.2026: *Sæl*

Í Norðurbotni þurftum við bara að keyra vélar (300L/kl). En í fyrra rafmagnsleysinu þegar við ætluðum að skipta yfir á OV þá leyfði varnarbúnaður hjá okkur það ekki og við létum OV vita að spennan væri ekki rétt.

Þið þurfið líka að fá svör um hvers vegna rafmagnið sem við erum að fá er mjög óhreint. Ég er með skráð milli 40 til 50 tilvik frá janúar til September þar sem við erum að fá flökt á spennu til okkar, mis alvarleg.

Þegar síminn fer út þá missum við tengingu við eftirlitskerfin hjá okkur og brunakerfin hjá okkur fara líka út, við komum þeim ekki inn fyrir en undir hádegi.

Þanni að ef einhvað hefði gerst í stöðinni þá hefðum við ekki fengið boð um það í vaktsíma til að bregðast við. Meðan ekki var mannskapur í stöðinni.“

Arnarlax: Tölvupóstur frá Friðbirni Steinari Ottóssyni, upplýsingatæknistjóra Arnarlax Sæl Lilja.

Hér er yfirlit yfir áhrif rafmagnsleysisins á netkerfin hjá okkur:

11. desember: Rafmagnsleysið hafði sem betur fer litil áhrif á starfsemina þar sem engin vinnsla var í gangi á Bíldudal. Það gekk illa að ræsa varaafsvélar OV á Bíldudal og fengum við rafmagn á skrifstofuna/fóðurstöðina en það kom ekki rafmagn á vinnsluna hinum megin við götuna fyrir en löngu seinna.

Allir sendastaðir okkar og fóðurstöðin eru með varaafli og dugði það þarna 11 des að fóðurstöðin missti ekki samband við prammana.

31. desember: Þennan dag kláraðist batterið á varaaflinu í Tálknafjarðarskóla kl. 05:54. Við náðum ekki sambandi á aftur fyrir en kl. 10:44 en við tengdum litla bensín rafstöð við til að koma sambandinu aftur á.

Það sem ég er helst huginn yfir eftir þetta er hversu lélegt varaafli virðist vera á sírstöðvum og farsímasendum á svæðinu. Arnarlax notast við talstöðvakerfi sem byggir á 4G/5G tengingu, það er alvarlegt öryggismál ef íbúar og fyrirtæki geta ekki stólað á farsímakerfið til að ná sambandi við viðbragðsaðila, s.s. lögreglu eða sjúkrabíl, vegna þess að varaafli senda endist of stutt.

Fjarskiptastofa

Fjarskiptastofa hefur eftirlit með fjarskiptum og þjónustu þeirra og Njörður Tómasson sérfræðingur hjá Fjarskiptastofu er að kalla eftir þessum sömu upplýsingum frá fyrirtækjum í fjarskiptaþjónustu með það að markmiði að leggja áherslu á öryggi í fjarskiptum. Hann sagði í símtali við starfsmann að unnið væri að reglugerð þar sem stæði til að skylda fjarskiptafyrirtæki til að tryggja varaafli í ákveðinn tíma í svona aðstæðum. Hann óskaði eftir því að fá að fylgjast með málinu hjá okkur áfram og jafnvel að fá fulltrúa sveitarfélagsins til að funda með ráðherra til að leggja frekari áherslu á öryggisþátt fjarskipta.

Uppfært 13.01.2026. Bæjarstjóri fundaði í Innviðaráðuneyti með samgöngusviði 09.01.2026 og upplýsti þar um stöðu mála.